

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um endurgreiddan kostnað vegna tannlækninga örorkulífeyrisþega.

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Hversu margir örorkulífeyrisþegar hafa fengið endurgreiddan kostnað vegna tannlækninga á hverju ári frá 2007?
2. Hversu hátt hlutfall tannlæknaðs kostnaðs síns fengu öryrkjar að meðaltali endurgreitt á sama tíma, sundurliðað fyrir hvert ár?
3. Hversu mikið hefur viðmiðunargjaldskrá ráðherra vegna tannlækninga (gjaldskrá nr. 898/2002), sem endurgreiðslur vegna tannlækninga eru grundvallaðar á, verið hækkuð frá því hún tók gildi 2002 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga?
4. Hvernig hafa fjárheimildir vegna tannlækninga örorkulífeyrisþega verið nýttar hjá Sjúkratryggingum Íslands frá árinu 2007, sundurliðað fyrir hvert ár?
5. Er frjáls gjaldskrá tannlækna í öllum tilvikum hærri en viðmiðunargjaldskráin og ef svo er, hversu miklu hærri? Óskað er eftir ónafngreindri sundurliðun eftir öllum tannlæknum fyrir árið 2013.

Skriflegt svar óskast.